

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/3/3
komudagur 22.6.2009



Alþingi-nefndasvið
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is
kristinhuld@fornleifavernd.is

Reykjavík 19. júní 2009

Tilvísun: Fvr 2009060023 /KHS

Efni: Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Umhverfisnefnd Alþingis hefur sent Fornleifavernd ríkisins til umsagnar tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013. Fornleifavernd ríkisins gerir engar athugasemdir við þau svæði sem verða á náttúruverndaráætlun 2009-2013. Stofnunin vill þó vekja athygli á að í athugasemd við þingsályktunartillöguna er fjallað um ýmis svæði sem friðlýst hafa verið á undanförunum árum. Á ýmsum þessara svæða eru fornminjar, svo sem í Vatnajökulsþjóðgarði. Stjórnvísla fornleifamála, þ.e. Fornleifavernd ríkisins, á engan fulltrúa í stjórn þjóðgarðsins þrátt fyrir að innan hans sé fjöldi fornminja. Þá er stofnunin ekki nefnd í athugasemdunum sem samstarfsaðili í tengslum við mótnun og framkvæmd náttúruverndaráætlunar. Slík samvinna er nauðsynleg á þeim svæðum sem fornminjar er að finna.

Virðingarfyllt

Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður